

University of Southern California
Dr. Roy Price
Zumberge Hall of Science (ZHS)
3651 Trousdale Parkway
Los Angeles CA 90089-0740
USA

Reykjavík, 23. apríl 2013
Tilvísun: 2013030020/20.15.0
Verknúmer: 1093000

Efni: Fylgibréf með almennu rannsóknarleyfi til grunnrannsókna á örverum á jarðhitasvæðum í Eyjafirði

Orkustofnun vísar til umsóknar Dr. Roy Price við University of Southern California, dags. 21. mars sl., um leyfi til grunnrannsókna á örverum á jarðhitasvæðum í Eyjafirði.

Með vísan til 1. mgr. 34. gr. laga nr. 57/1998 var framkomin umsókn Dr. Roy Price haft samráð við umhverfissráðuneytið um framkomna umsókn Dr. Roy Price.

Orkustofnun barst svar umhverfissráðuneytis, dags. 8. apríl sl., þann 11. s.m.

Í svari umhverfissráðuneytis kemur fram að Umhverfisstofnun hafi þegar veitt leyfi fyrir umræddum rannsóknum í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og Samráðsnefnd um verndun strýttanna í Eyjafirði þar sem skilgreint er hvernig standa skuli að rannsóknunum. Jafnframt kemur fram í bréfi umhverfissráðuneytis að hverastrýturnar í Eyjafirði séu friðlýstar sem náttúruvætti, á Hörgárgrunni árið 2001 og út af Arnarnesnöfum árið 2007 og skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd gegnir Umhverfisstofnun eftirlitshlutverki með náttúruverndarsvæðum. Umhverfissráðuneytið telur, í ljósi þess að Umhverfisstofnun hefur þegar veitt leyfi til rannsókna, ekki ástæðu til að gera athugasemd við það að Orkustofnun veiti leyfi fyrir umræddum grunnrannsóknum.

Orkustofnun hefur farið yfir umsókn Dr. Roy Price og svar umhverfissráðuneytis.

Orkustofnun bendir á að um er að ræða umsókn um almennt rannsóknarleyfi til grunnrannsókna á örverum á jarðhitasvæðum á stóru svæði í Eyjafirði, bæði á botni fjarðarins og á landi og að í leyfinu felast engin fyrirheit um nýtingu á svæðinu í kjölfarið. Ítrekar Orkustofnun það sem segir í 2. mgr. 1. gr. leyfisins um að leyfið veitir ekki heimild til nýtingar á jarðrænum auðlindum.

Orkustofnun vísar til svars umhverfissráðuneytis við samráðsbeiðni Orkustofnunar um leyfisveitinguna sem og leyfis Umhverfisstofnunar fyrir rannsóknunum, dags. 19. mars 2013 og ítrekar mikilvægi þess að raski sé haldið í lágmarki og gengið sé um svæðið af mestu varkárni og í samræmi við náttúruverndarlög, nr. 44/1999, einkum ákvæði 17., 34., 35., 37. og 38. gr. laganna. Að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða eftir fremsta megni þannig að sjónrænum áhrifum af rannsóknum verði haldið í lágmarki. Orkustofnun ítrekar enn fremur að leyfishafi gæti ákvæða 6. og 7. gr. leyfisins við framkvæmd þess.

Hvað varðar þær heimildir sem almennt rannsóknarleyfi til grunnrannsókna veitir leyfishafa bendir Orkustofnun á að samkvæmt reglum nr. 234/1999 eru slík leyfi veitt vísindamönnum og öðrum þeim aðilum sem eingöngu stunda grundvallarrannsóknir. Leyfið er ekki veitt fyrirtækjum eða stofnunum sem stunda vísindarannsóknir með efnahagslegan ávinning í huga. Leyfið veitir aðgang að jarðhitasvæðum án tillits til þess hvort aðrir hafi þar gilt sérleyfi til hagnýtra rannsókna eða ekki.

Í rannsóknarleyfi þessu til handa Dr. Roy Price, er í 13. gr. tekið fram að leyfið sé háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Það undanþiggi ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna rannsókna sínum sem að öðru leyti er mælt fyrir um í lögum, nr. 57/1998, eða öðrum lögum sem

PTA
ALP

rannsóknirnar falla undir.

Þá bendir Orkustofnun á að í leyfinu er skýrt kveðið á um að leyfishafa beri í hvívetna að fara að lögum í umgengni um rannsóknarsvæði, taka tillit til umhverfissjónarmiða við rannsóknir sem og viðfrágang aðbeim loknum. Er sérstaklega bent á að um vernd rannsóknarsvæðis gildi lög um náttúruvernd.

Með vísan til framanritaðs vekur Orkustofnun athygli á að umrætt rannsóknarleyfi felur í sér almennt leyfi til rannsókna, en ekki leyfi til einstakra rannsóknarframkvæmda, hvort sem er yfirborðsrannsókna eða rannsóknarborana. Lögum nr. 57/1998 er hvorki ætlað að taka með heildstæðum hætti á umhverfismálum, náttúruvernd og skipulagsmálum, né hrófla við eða víkja úr vegi þeirri löggjöf. Því gilda t.d. ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, laga um náttúruvernd og skipulagslaga um allar framkvæmdir rannsóknarleyfishafa þrátt fyrir útgáfu þessa rannsóknarleyfis. Fyrirhugaðar framkvæmdir rannsóknarleyfishafa í kjölfar útgáfu þessa rannsóknarleyfis eru því háðar leyfum þar til bærra yfirvalda. Rannsóknarleyfi þetta raskar því á engan hátt þeirri vernd sem náttúru og umhverfi er tryggð með öðrum lögum.

Orkustofnun vekur athygli á að skv. 34. gr. laga nr. 57/1998 fer Náttúrufræðistofnun með eftirlit með rannsóknum á örverum. Leyfishafa ber að veita Náttúrufræðistofnun allar upplýsingar um sýnatökur og niðurstöður rannsókna á örverum sem safnað hefur verið á jarðhitasvæðum.


Í ljósi ofnaritaðs og í samræmi við 34. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, og í samræmi við reglur um veitingu leyfa til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum, nr. 234/1999, og í samræmi við 2. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990, 2. gr. laga um Orkustofnun, nr. 87/2003 og 2. og 5. gr. reglugerðar um Orkustofnun, nr. 400/2009, veitir Orkustofnun hér með Dr. Roy Price við University of Southern California í Los Angeles, Bandaríkjunum, meðfylgjandi almennt rannsóknarleyfi til grunnrannsókna á örverum á jarðhitasvæðum í Eyjafirði.


Gjald vegna veitingar leyfis þessa er kr. 41.500., sbr. 34. tl. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum. Rannsóknarleyfið er afhent við greiðslu gjaldsins.

Samkvæmt 33. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sæta ákvarðanir Orkustofnunar, er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun rannsóknar- eða nýtingarleyfa samkvæmt lögum þessum, kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993. Gjald fyrir umrætt leyfi er kr. 41.500 gegn afhendingu sbr. 34. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra


Skúli Thoroddsen


Þórarinn Sveinn Arnarson